



## 7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

---

### TILLAGA UM STÆRÐ NÁMSHÓPA

---

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 beinir því til Sambands íslenskra sveitarfélaga að finna leiðir til að tryggja nemendum öll þau réttindi sem fram koma í Aðalnámskrá. Mikilvægt er að setja hámark á fjölda nemenda í bekkjadeildum/námshópum. Þá er einnig mikilvægt að finna bjargir fyrir nemendur sem þurfa frekari stuðning til að tryggja réttindi þeirra. Í sameiginlegri vinnu sveitarfélaganna og Félags grunnskólakennara varðandi bókun 1 í kjarasamningi aðila frá 2016 var kallað eftir því að brugðist verði við þessum tvíþætta vanda fljótt og örugglega.

Þá er tiltekið að finna þurfi lausn eða viðmið um hve stórum hópi barna með greiningar kennari geti sinnt í almennum bekk eða námshóp. Þá er einnig nefnt að fjölga þurfi skiptitímum. Þessi atriði eru almennt tilgreind með það að markmiði að mæta álagi og skapa rýmri tíma til undirbúnings.

Þing Kennarasambands Íslands ályktaði um hliðstætt mál í apríl 2018 þar sem fjallað var um stærð nemendahópa.